

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar með Orkugerðinni. Fram komu þrjú frávík frá starfsleyfisskilyrðum og komið er einni athugasemd á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi þar sem farið var yfir stöðu frávika og eftirfarandi greinar starfsleyfisskilyrða:

Frávík er varðar grein 2.1 í starfsleyfisskilyrðum um að allt hráefni, öll unnin vara og allur úrgangur skuli geyma innan dyra verksmiðjunnar hefur verið bætt úr og framvegis verður allt geymt innanhúss. Eftirlitsaðili fór um svæði og staðfesti að loknum fundi og telst fráviki því lokið.

Frávík er varðar grein 2.17 í starfsleyfisskilyrðum að verksmiðjunni er skylt að sjá um að við útrás sé ekki set eða útfellingar, þekjur af rotverum, olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi hefur verið lokið en búið er tengja gufuústreymi inn á lögn útblásturs sem fer út um stromp og telst því fráviki lokið.

Frávík er varðar grein 2.3 í starfsleyfisskilyrðum um að rekstraraðila sé skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu í samræmi við kröfur starfsleyfis hefur verið bætt úr. Umgengni innandyra er nú betri sömuleiðis frágangur á lóð. Lagfæring á lóð stendur þó enn yfir en aðgerðir höfðu táfist vegna rigninga í sumar og biður stofnunin um upplýsingar hvenær aðgerðum verður lokið.

Frávík er varðar grein 2.10 í starfsleyfisskilyrðum er varðar lyktarmengun vegna bilunar og tafa á vinnslu efnis hefur verið lokið en skv. rekstraraðila er ekki merkjanleg lykt frá verksmiðjunni og hefur stofnuninni ekki borist ábendingar um lykt síðan í byrjun árs. Fráviki telst því lokið.

Frávík frá grein 2.10 í starfsleyfisskilyrðum þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn. Frágangur fyrir affall á gufu norðan megin er nú betri þar sem gufuústreymi er leitt inn á lögn fyrir stromp. Telst því fráviki lokið.

### Grein 1.1

Búið er að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir verksmiðjuna en núverandi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands rennur út á næsta ári.

### Grein 2.1

Girðing og hlið til að hindra aðgang dýra er til staðar við verksmiðjuna.

### Grein 2.4

Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið malarlag og lekt malar og steinefnalag sem auðvelt er að halda hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum. Skv. rekstraraðila eru nú engin niðurföll til staðar.

### Grein 2.5

Farið var yfir flutninga til rekstraraðila en öll tæki sem notuð eru til flutninga á hráefni til verksmiðjunnar skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum.

### Grein 2.6

Miðað er við að allt hráefni fari inn á sjóðara innan sólarhings eftir að það kemur til rekstraraðila.

### Grein 2.9

Einu tækin sem eru þveginnt utandyra eru sigti úr myllunni og af þeim kemur einungis mjöl skv. rekstraraðila.

### Grein 2.12

Mælíbúnaður sem mælir hita og rakastig í útblæstri er hluti af gamla hreinsikerfinu sem ekki er notaður.

### Grein 3.1

Rætt var um meðferð hættulegra efna eða spilliefna skv. grein 3.1.

### Grein 4.1

Farið var yfir skráningu í dagbók skv. grein 4.1 en bæta má skráningu þar s.s. á bilunum og öðrum atvikum er varða

mengunarvarnir.

Eftir fund var farið í skoðunarferð inn í verksmiðjuna og um svæðið. Búið var að bæta frágang bæði innan og utanhúss frá síðasta eftirliti. Við olfugeymi var skoðað plaströr frá olfugeymi uppfyllir ekki skilyrði olíureglugerðar nr. 884/2017.

#### Frávik frá

grein 2.4 í starfsleyfisskilyrðum

#### Lýsing á fráviki

Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið malarlag með niðurföllum, engin niðurföll eru nú til staðar.

grein 4.1 í starfsleyfisskilyrðum

Bæta má skráningar í dagbók og halda til haga öllum upplýsingum skv. grein 4.1. Skrá skal atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði líkt og varð fyrir á árinu þegar lyktarmengun var til staðar.

reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr.884/2017.

Ganga skal frá geymum og lögnum þannig að þær standist kröfur reglugerðarinnar. Þrýstiprófanir og þykktarmælingar hafa ekki verið framkvæmdar á stórum tank. Árekstrarvörn vantar þá á minni neyslugeymi.

#### ATHUGASEMDIR

Geyma skal öll spilliefni í þartilgerðum geymslum og með lekabyttum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.09.2018

  
Einar Halldórsson